

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Landmannalauga í Rangárþingi ytra.

Gerðar eru óverulegar breytingar á deiliskipulagi Landmannalauga sem samþykktar voru í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 5. apríl 2017.

Gerð er breyting á kafla 3.1.4 Skáli Ferðafélags Íslands.

Eftirfarandi texta er bætt við eftir fyrstu málsgrein: Áfram er gert ráð fyrir gistingu í skála Ferðafélags Íslands og er þar gistiþláss fyrir 78 gesti. Heimilt er að breyta starfsemi hússins í móttökuhús eða annað sambærilegt, í samræmi við þróun svæðisins og uppbyggingu norðan við Námshraun á komandi árum.

Gerðar eru tvær breytingar á kafla 2.2 Áfangaskipting.

Í fyrsta lagi er á undan síðustu setningu undir „Áfanga 2“ bætt við eftirfarandi texta: Ekki er gert ráð fyrir að salernishús eða skálavardarhús verði fjarlægð fyrr en sambærileg starfsemi hefur byggst upp á öðrum stöðum.

Felldur er út eftirfarandi texti við „Áfanga 3“ en þessari setningu var bætt við deiliskipulagið eftir síðustu auglýsingu: „Þegar gistingu verður hætt í FÍ skála þá verður ekki lengur heimilt að hafa göngutjöld við skálann en skálinn verður nýttur undir þjónustu svo sem safn eða gestastofu.“

Breytingin telst óveruleg þar sem hún hefur í för með sér mjög óverulega breytingu á deiliskipulaginu. Hún felur hvorki í sér aukið byggingarmagn né auknar framkvæmdir eða breytingar á stefnu skipulagsins.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í byggðarráði Rangárþings ytra þann 26. júlí 2018.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.

Hellu, 31. ágúst 2018.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.